

Sáttargerð vegna brots á 51.gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Þann 11. janúar 2010 gerðu Fjármálaeftirlitið og MP Sjóðir hf. með sér sátt vegna brots MP Sjóða á 51. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Með sáttinni gengust MP Sjóðir hf. við því að hafa brotið gegn 51. gr. nefndra laga, með því að hvorki vísa til útboðslýsingar eða útdráttar úr útboðslýsingu í auglýsingum sínum á verðbréfasjóðnum Ríkisskuldabréfasjóður MP, er birtist í dagblöðum og á vefsíðunni www.mbl.is í desember 2009, né að taka fram hvort umræddur sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður.

Í 51. gr. laga nr. 30/2003 kemur fram að í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður. Þá kemur einnig fram að í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi skuli vísað í útboðslýsingu eða útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 69. gr. laga nr. 30/2003 og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.000.000,-.